

Háskólinn á Bifröst ses.

Bt. Hallur Jónasson

Bifröst

311 Borgarnes

Reykjavík 5. júlí 2018
UST201807-004/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir söngatriði í Grábrókargíg

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Háskólans á Bifröst, dagsett 1. júlí 2018, um leyfi fyrir söngatriði í Grábrókargíg þann 5. júlí 2018.

Grábrókargígur er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 216/1975.

Efnistaka, jarðrask og hvers konar breyting á landslagi er bannað nema í samráði við Umhverfisstofnun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda 30 mín. tónleika fimmtán manna kórs ofan í Grábrókargíg að kvöldi 5. júlí 2018. Kórinn verður ofan í gígnum en gestir verða á göngustígum. Umsækjandi mun sjá til þess að gestir verði á göngustígum. Ekki er þörf á uppsetningu nokkurs búnaðar né notkun efna.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur svo að umrætt verkefni hafi í för með sér jarðrask. Gjallgígur sem þessi er mjög viðkvæmur og um leið og farið er út fyrir merkta stíga þá myndast óæskileg för og hættan á að aðrir fylgi er töluverð. Töluverð vinna hefur farið í að afmá villustíga og afmarka göngustíga á svæðinu. Miðað við ofangreinda verkefnalýsingu mun verkefnið að öllum líkindum ekki hafa óafturkræf áhrif á verndagildi svæðisins ef skilyrðum leyfisins er fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir söngatriði 15 manna kórs í Grábrókargíg að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Þess skal gætt að gestir viðburðarins gangi einungis á merktum göngustígum.
- Þar sem kórfélagar þurfa að fara út fyrir göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu og raka förin úr innanverðum gígnum.

- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu og að vandað verði við frágang eftir að viðburði lýkur.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólk og þáttakendum verkefnisins þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er landverði heimilt að stöðva verkefnið ef hann telur að af henni stafi yfirvofandi hætta á verulegu tjóni á náttúru Íslands.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri



Linda Björk Hallgrímsdóttir

Sérfræðingur